

verða á Grand Hótel, Sigtúni 8 Reykjavík, þeir hefjast kl. 13:30
alla eftirfarandi laugardaga **nema þann 5. nóvember en þá hefst
fundurinn kl. 12:00.**

- 1. október **5. nóvember** 3. desember
- 7. janúar 4. febrúar 1. apríl 6. maí
- Hátíðarfundur verður laugardaginn 4. mars. Nánar kynnt í janúarblaði FKE-frétta.
- Spiluð verður félagsvist en að henni lokinni er alltaf eitthvað til skemmtunar og fróðleiks. Á októberfundinum verða sýndar myndir frá ferðum sumarsins.
- Þau sem ekki spila eru auðvitað velkomin á fundina. Sum koma til að njóta veitinga, spjalla við kunningja eða fylgjast með myndasýningu sem er á hverjum fundi.
- Dagskrá að lokinni félagsvist hefst um kl. 15:00 **nema þann 5. nóvember.**
- Veitingar eru seldar af hlaðborði og kosta kr. 2000 sem er óbreytt frá fyrra ári. Félagið niðurgreiðir þetta gjald um þriðjung.

Við mætum upp úr kl. 13:00 svo að við getum byrjað að spila stundvíslega kl. 13:30.

FKE-fréttir - *þetta tölublað* - verður borið heim til þeirra sem ekki hafa uppgafið netfang. Það flýtir dreifingu og minnkar kostnað félagsins ef allir sem hafa netfang - en fengu samt þetta eintak borið heim að dyrum láta vita af netfanginu sínu með því að senda póst á FKE@simnet.is.

Allir sem eru á netpóstskrá félagsins fá blaðið sent í netpósti. Þannig sparast félaginu sendingarkostnaður um leið og það hraðar afhendingu blaðsins til þeirra félagsmanna.

Fundir bókmenntaklúbbsins

verða í Kennarahúsinu við Laufásveg frá kl. 13:30 til u.þ.b. 15:30.

Ingibjörg Júlíusdóttir og Valborg Baldvinsdóttir leiða starfið.

Fundir klúbbsins verða þessa fimmtudaga:

- 6. og 20. október, 3. og 17. nóvember, 12. og 26. janúar,
9. og 23. febrúar, 9. og 23. mars og 6. og 27. apríl.

EKKÓkórinn

tekur til starfa þriðjudaginn 4. október. Æfingar eru í húsi Uppeldis- og menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð (Kennaraháskólanum) á þriðjudögum kl. 16:30 til 18:30.

Nýir félagar eru velkomnir og er einfaldast að mæta bara á æfingu ef þú vilt slást í hópinn. Það er líka hægt að hafa samband við formann kórsins, Guðrúnu Erlu Björgvinsdóttur, í síma 862-8005 eða einhvern kórfélaga.

Stjórnandi kórsins verður Bjartur Logi Guðnason.



Horft frá Látrabjargi til norðurs.



Bíldudalur.



Látrabjarg.



Frá Ísafirði.

Upplýsingar um FKE á vefnum

Sögu félagsins allt frá upphafi finnurðu á vefnum - *FKEfrettit.net*. Þar eru einnig myndir frá þeim viðburðum sem félagið hefur skipulagt og framkvæmt á liðnum árum.



Horft frá Ósvör, út Ísafjarðardjúp.

Þekkir þú kennara sem eru að ljúka störfum?

Bentu þeim á að skrá sig í FKE. Eitt símtal nægir.

Edda Margrét Hilmarsdóttir í Kennarahúsinu tekur við skráningum í síma 595-1111 – og í netfangið edda@ki.is.

Aðild að félaginu er ókeypis auk þess sem skráningin viðheldur FKE-aðgangi að Orlofssjóðnum.

Markmið okkar er að sem flestir kennarar, sem hættir eru störfum, njóti þess sem félagið hefur að bjóða.

Stjórn og varastjórn Félags kennara á eftirlaunum:

Þóra A. Guðmundsdóttir	867 6871	albertag@simnet.is
Kristján Sigfússon	867 4831	ksigfusson@yahoo.com
Pétur Bjarnason	892 0855	peturbjarna@internet.is
Guðrún Lára Ásgeirsdóttir	896 5457	glasg@simnet.is
Guðmundur Kristmundsson ...	864 4702	gudkrist@hi.is
Guðrún Ólafía Samúelsdóttir ..	864 9669	mosarima35@simnet.is
Halldór Þórðarson	893 6099	hallth44@gmail.com